

## Sönglög

### Vinalögin

Við erum góð Góð hvort við annað  
stríðum ekki Eða meiðum neinn, þegar  
við grátum huggar okkur einhver,  
þerrar tár og klappar okkar kinn

Við erum vinir, við erum vinir ég og þú  
ég og þú. Við leikum okkur saman,  
leikum okkur saman. Ég og þú ég og  
þú

### Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu upp í tré. Þeir  
voru að stríða krókódíl "Þú nærð ekki  
mér!" Þá kom hann herra krókódíll,  
Hægt og rólega og ...  
namnamnamnamnamnam.

Fjórir litlir.....3,....2,....

### Afi minn og amma mín

Afi minn og amma mín, út á Bakka  
búa. Þau eru bæði sæt og fín þangað  
vil ég fljúga.

Fljúga hvítu fiðrildin Fyrir utan  
gluggann Þarna siglir einhver inn  
Ofurlítill duggann.

### Kalli litli könguló

Kalli litli könguló Klifraði upp í tré.  
Þá kom rigning og Kalli litli féll.  
Upp kom sólin og þerraði hans kropp.  
Kalli litli könguló klifraði upp á topp.

### Litirnir

Gulur, rauður, grænn og blár, svartur,  
hvítur, fjólublár, brúnn, bleikur  
banani, appelsína talandi. Gulur,  
rauður, grænn og blár, svartur,  
hvítur, fjólublár.

### Ramm samm samm

A ramm samm samm  
A ramm samm samm  
gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí  
ramm samm samm.

Hér er ég, hér er ég,  
gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí  
Ramm samm samm

### Fingurnir

Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir fingur.  
Fjórir litlir fimm litlir sex litlir  
fingur. Sjö litlir, átta litlir, níu litlir  
fingur. Tíu litlir fingur á börnum.

## Sönglög

### Strætó

Hjólin á strætó snúast hring, hring,  
hring, hring, hring, hring, hring,  
hring, hring. Hjólin á strætó snúast  
hring, hring, hring. Út um allan  
bæinn.

Hurðin á stætó opnast út og inn út og  
inn .....

Peningarnir í strætó segja kling,  
kling, kling.....

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla  
.....

Börnin í strætó segja hí, hí, hí .....

Bílstjórinn í strætó segir uss, uss  
uss....

Flautan á strætó segir bíbb, bíbb  
bíbb.....

### Ding Dong

Ding dong sagði lítill grænn froskur  
einn dag, ding dong sagði lítill grænn  
froskur. Ding dong sagði lítill grænn  
froskur einn dag og svo líka ding dong  
spojjojojjon.

King kong sagði stór svartur api einn  
dag, king kong sagði stór svartur api.  
King kong sagði stór svartur api einn  
dag og svo líka king kong  
ahahahahahah

Um-eð sagði lítil græn eðla einn dag  
um-eð sagði lítil græn eðla. Um-eð  
sagði lítil græn eðla einn dag og svo  
líka um-eð eðeðeðeðe

### Tombai

Tom bai, tom bai, tombai, tom bai,  
tom bai, tombai, tombai. Diri don, diri  
don, diri diri don don, tra la la la la  
tra la la la la tra la la la la Hey!!!

### Hreyfa litla fingur

Hreyfa litla fingur, hreyfa litla  
fingur, hreyfa litla fingur og frjósa  
eins og skot.

Hreyfa litlar tásur..... Hreyfa litla fætur.....

Hreyfa litlar hendur.... Hreyfa litla rassa .....

Hreyfa okkur sjálf .....

### Allur matur

Allur matur á að fara upp í munn og  
ofan í maga. Heyrið það heyrið það  
svo ekki gauli garnirnar.

Við erum svangir krakkar á leiðinni í  
mat. Við erum svangir krakkar á  
leiðinni í mat við borðum og borðum  
nammi nammi nammi namm, við  
borðum og borðum nammi nammi  
namm og við ætlum að borða .....

Við ætlum að borða ..... nammi namm.

### Dvel ég í draumahöll

Dvel ég í draumahöll og dagana lofa,  
litlar mýs um löndin öll liggja nú og  
sofa. Sígur ró á djúp og dal, dýr til  
hvílu ganga. Einnig sofnar skollið skal  
með skottið undir vanga.

Uppi' á grænum hól

Uppi' á grænum, grænum, himinháum  
hól,  
sá ég hérahjónin ganga.  
Hann með trommu  
bomm, bomm, bomm, boromm, bomm,  
bomm,  
hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim ljótur byssukall  
sem miðaði í hvelli,  
en hann hitti bara trommuna sem  
small  
og þau hlupu og héldu velli.

*Þýðandi: Hrefna Tynes*

Dúkkann hennar Dóru

Dúkkann hennar Dóru var með sótt,  
sótt, sótt.  
Hún hringdi' og sagði lækni' að koma  
fljótt, fljótt, fljótt.  
Læknirinn kom með sína tösku' og  
sinn hatt,  
hann bankaði' á hurðina rattatatata.  
Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn  
haus,  
„hún strax skal í rúmið og ekkert  
raus.“  
Hann skrifaði' á miða hvaða pillu' hún  
skildi fá.  
„Ég kem aftur á morgun ef hún er  
enn veik þá.“